

með kr. 7.000.00, allt innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 20. júní 1958.

Nr. 27/1958. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Magnúsi Grímssyni (Lárus Jóhannesson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðibrot.

Dómur Hæstaréttar.

Eins og lýst er í héraðsdómi, var ákærði að veiðum með dragnót á Skarðsvík á þeim tímum, sem í ákæruskjali greinir. Í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952 eru allar dragnótaveiðar bannaðar umhverfis Ísland innan þeirra marka, sem ákveðin eru í reglugerðinni. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til raka héraðsdóms um niðurfall refsingar og greiðslu sakarkostnaðar ber að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 3.000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Magnús Grímsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Tómasar Jónssonar og Lárusar Jóhannessonar, kr. 3.000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. janúar 1958.

Ár 1958, mánudaginn 6. janúar, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sveini Snorrassyni og meðdómsmönnum Péttri Björnssyni og Jónasi Jónassyni, skipstjórum, kveðinn upp dómur í málinu nr. 6/1958: Ákærvaldið gegn Magnúsi Grímssyni, en mál þetta var dómtekið að afloknum munnlegum málflutningi hinn 19. f. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 30. október 1957, er Magnús Grímsson skipstjóri, Ferjuvogi 21, hér í bæ, ákærður fyrir:

I. Að hafa verið að dragnótaveiðum á v.b. Sæborg RE 328 á Skarðsvík á Snæfellsnesi í ágústmánuði 1956 innan takmarkalínu þeirrar, sem ákveðin er í 1. gr. reglugerðar nr. 21/1952, sbr. lög nr. 44/1948, á þann hátt, að nótin var dregin með vindum, sem staðsettar voru í landi, eftir að henni hafði verið kastað af bátnum, og fiskurinn síðan innbyrtur í bátinn, en nótin ekki dregin í fjöru,

II. að hafa verið að dragnótaveiðum á sama bát og á sama stað þriðjudaginn 27. ágúst 1957 um hádegisbilið á þann hátt, að nótin var dregin að bátnum með vindu bátsins, er fastur var við dufl ca. 35 faðma frá fjöruborði, og fiskurinn síðan innbyrtur í bátinn, en nótin ekki dregin í fjöru.

Brot þau, er í I og II greinir, þykja varða við reglugerð nr. 21/1952, 1. gr., sbr. 5. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 45/1937, sbr. 1. gr. laga nr. 31/1951.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt nefndum lagagreinum og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 11. desember 1919 í Súðavík. Hann hefur áður sætt þessum kærnum og refsingum:

1945 6/12 Á Ísafirði. Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot á 9. gr. hafnarreglugerðar Ísafjarðar.

1951 29/6 Í Reykjavík. Dómur Siglingadóms: 1000 kr. sekt, sviptur skipstjóra- og stýrimannsréttindum í 3 mánuði fyrir brot á 261. gr. sbr. 37. gr. og 31. gr. og 1. mgr. 48. gr. siglingalaga.

1952 4/11 Í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.

1953 7/3 Í Reykjavík. Áminning fyrir umferðarlagabrot.

— 14/10 Í Reykjavík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 14. gr. bifreiðalaga.

Málsatvik eru þessi:

Með bréfi sínu, dagsettu 21. marz 1953, til vitamálastjóra féllst samgöngumálaráðuneytið á að heimila þeim Þorláki Jónssyni fulltrúa, Baldursgötu 12, og Skapta Sigurðssyni í Njarðvík að stunda veiðar með fyrirdrætti og landnót fyrir landi jarðarinnar Öndverðarness á Snæfellsnesi, þó ekki lengur en um 5 ára skeið. Þau skilyrði setur ráðuneytið þó fyrir leyfinu í bréfi sínu 29. apríl 1953, að 1) leyfið nái ekki til annarrar veiði en þeirrar, er heimil sé samkvæmt lögum og reglum, 2) á gildistíma leyfisins muni ráðuneytið ekki veita öðrum veiðirétt fyrir landi jarðarinnar en væntanlegum ábúanda jarðarinnar auk leyfishafa, og í 3) er ekki talin ástæða til að taka gjald fyrir leyfið, þar sem hér sé um að ræða tilraun með veiðiaðferð, sem þýðingu geti haft fyrir sjávarútveginn.

Þá er þar næst að greina frá því, að sumarið 1956 gerðu þeir Þorlákur Jónsson og Sveinbjörn Finnsson hagfræðingur með sér félag í því skyni að stunda veiðar samkvæmt framansögðu, og skyldi Sveinbjörn hafa á hendi alla framkvæmd fyrir þá féлага. Áður en veiðar hófust, kveðst Sveinbjörn hafa leitað sér álits ýmissa aðilja, hvort nokkuð geti verið til fyrirstöðu veiðunum, eins og hann hefði hugsað sér þær. Jón Jónsson fiskifræðingur tjáði Sveinbirni, að frá þjóðhagslegu sjónarmiði væri æskilegt, ef hægt væri að nýta fiskimergð þá, er nú væri orðin á grunnmiðum, einnig væri það álit sitt, að slíkar ádráttarvélar, sem Sveinbjörn lýsti fyrir honum sem fyrirhuguðum, þyrftu ekki að hafa nein skaðleg áhrif á fiskistofninn. Á hinn bóginn kveðst fiskifræðingurinn ekki hafa látið neitt í ljósi álit sitt á lögmæti veiðanna, enda skildist honum Sveinbjörn fyrst ætla að útvega sér heimild eða úrskurð ráðuneytisins um veiðarnar.

Þessu næst skýrði Sveinbjörn Finnsson ráðuneytisstjóra Gunnlaugi Briem frá hinum fyrirhuguðu veiðum og lýsti fyrir honum veiðiaðferðinni. Segir Sveinbjörn, að ráðuneytisstjórinn hafi ekki látið í ljós álit sitt á lögmæti veiðanna beint, en hann hafi a. m. k. ekki lýst því yfir, að hann teldi þær ólöglegar. Að lokum kveðst Sveinbjörn Finnsson hafa leitað álits þekkts lögfræðings um lögmæti veiðanna, og hafi það verið álit hans, að þær væru löglegar.

Að svo búnu réði Sveinbjörn ákærða, Magnús Grímsson skipstjóra, til þess að stunda veiðarnar fyrir þá féлага á báti sínum, v/b Sæborgu RE 328, sem er 22 rúmlesta brúttó. Hófust veiðarnar í ágústbyrjun 1956. Hafði Sveinbjörn áður fullvissað ákærða um, að veiðarnar væru löglegar.

Við veiðar þessar var notuð venjuleg dragnót, sem ákærði átti. og voru engar breytingar gerðar á nóttinni. Dragstrengir voru og svo sem tíðkast við dragnótaveiðar. Veiðum var hins vegar hagað á þann veg, að kastað var frá dufli einu, sem staðsett var í um 35 faðma fjarlægð frá fjöruborði Öndverðarnesjarðar, og kastinu sjálfu hagað á sama veg og við venjulegar dragnótaveiðar. Notuð voru eftir atvikum sjö tó hvoru megin eða eftir því sem þurfa þótti hverju sinni, þannig að sjálfri voðinni var kastað á annan og stundum upp undir tvo kílómetra frá fjöruborði, en í stað þess að draga nótina á vindum bátsins, svo sem venja er um dragnótaveiðar, voru vindur hafðar í landi og voðin dregin að landi á þeim. Voru tóin síðan dregin jafnóðum aftur í bátinn og lögð þar, þannig að tilbúin væru til næsta kasts. Lá báturinn við duflið, meðan dregið var. Er voðin var komin í netlög eða að duflinu, sem báturinn lá við, var veiðin innbyrt í bátinn þar í netlögum, en ekki dregin á land.

Héldu þeir þannig áfram veiðum um hríð, en 6. ágúst 1956 kom varðskipið Óðinn á vettvang, þar sem ákærði hafði verið að veiðum. Kvað ákærði þar vera um ádráttarveiðar að ræða, en eigi dragnótaveiðar og lýsti fyrir skipherranum veiðiaðferðinni. Hinn 19. ágúst kom vitaskipið Hermóður einnig á vettvang og sáu skipverjar veiðarnar.

Er þeir höfðu síðan nokkrar veiðiferðir farið, barst ákærða skipun forstjóra landhelgisgæzlunnar með hreppstjóranum á Hellis-sandi um, að ákærði hætti veiðunum tafarlaust. Það kveðst hann þegar hafa gert.

Forstjóri landhelgisgæzlunnar og aðrir starfsmenn hennar munu hafa talið mjög hæpið, að veiðar þessar væru löglegar, og taldi forstjórinn nauðsyn á því, að úrskurður gengi þá um lögmæti þeirra. Kom mál þetta þá til athugunar hjá dómsmálaráðuneytinu. Leitaði dómsmálaráðuneytið þá álits atvinnumálaráðuneytisins um veiðar þessar, en niðurstaðan í álitsgerð deildarstjóra atvinnumálaráðuneytisins virðist gefa til kynna, að hann telji veiðarnar ekki bannaðar, a. m. k. hefur landhelgisgæzlan lagt þann skilning í álitsgerðina, og í samræmi þar við hlutaðist dómsmálaráðuneytið til um, að landhelgisgæzlan stöðvaði ekki veiðarnar að svo stöddu. Segir svo í bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 17. f. m., að Sveinbirni Finnssyni hafi þá jafnframt verið skýrt frá því, að í þessum aðgerðum fælist ekki fyrirheit um, að ekki yrði síðar kært yfir þessum veiðiaðgerðum og mál höfðað, ef rétt þætti að at-

huguðu máli. Segir svo enn fremur í sama bréfi, að ástæðan fyrir framangreindri ráðstöfun hafi verið sú, að ekki hafi þótt liggja ljóst fyrir, hverjar væru gildandi reglur um svokallaða ádráttarveiði og ekki þótt óhentugt, að nokkur reynsla fengist í þessu efni, áður en afstaða yrði tekin til frekari aðgerða. Kom þetta mál því eigi til kasta dómstóla á því stigi.

Ekki verður séð, að ákærði hafi viljað halda á veiðar þessar á ný, fyrr en eftir að hreppstjóri hafði tilkynnt honum um fyrir-mæli dómsmálaráðuneytisins til landhelgisgæzlunnar um að láta veiðarnar afskiptalausar. Hélt ákærði þá áfram veiðunum það, sem eftir var leigutímans, eða út ágústmánuð 1956. Var afli yfir-leitt góður eða allt upp í 7.220 kg. í róðri.

Ekki var ákærða bannað að halda áfram veiðunum af landhelgisgæzlunni eða öðrum löggæluaðiljum að sinni og kveðst hann hafa álitid, að þær væru fyllilega löglegar. Gerði hann sér og ekkert far um að leyna veiðunum eða veiðiaðferðinni. Úrlausnar dómstóla um lögmæti veiða þessara hefur eigi verið krafizt fyrr en nú.

Dómurinn telur, að veiðarfæri það, sem notað var við veiðar þær, er hér um ræðir og að framan hefur verið lýst, sé dragnót í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 45/1937 um bann gegn dragnóta-veiði í landhelgi. Enn fremur telur dómurinn, að bannákvæði laganna taki til allra veiða með þeim tækjum, sem til dragnóta teljast samkvæmt þeirri skilgreiningu, er greinir í síðasttalda ákvæðinu, þar með til ádráttarveiða, að svo miklu leyti, sem undantekningarákvæði 3. gr. laganna veitir eigi heimild til hins gagnstæða. Tilgangur löggjafans með undantekningarákvæði 3. gr. laganna var að banna ekki ádráttarveiðar eða fyrirdrátt úr landi, „þar sem þar er um „nótlög“ að ræða, er liggja innan við almenningss landhelgi ...“, sbr. Alþingistíðindi A, 1928 þskj. 312, bls. 532. Veitir ákvæðið þannig aðeins heimild til að veiða í nótlögum eða netlögum, en ekki utan þeirra.

Ákærði varpaði voð sinni við framangreindar veiðar utan netlaga, þ. e. fjær landi en 60 faðma frá stórstraumsfjöruborði, og var veiðarfærið síðan dregið með botni, mestmegnis utan netlaga. 3. gr. margnefndra laga, um bann við dragnótaveiðum í landhelgi, veitir eigi heimild til slíkra veiða. Hefur ákærði því með veiðiaðgerðum þessum orðið brotlegur við þau lagaboð, er í ákæruskjali greinir.

II. Eftir að leigutími við þá féлага, Sveinbjörn og Þorlák, var útrunninn, aflaði ákærði sér leyfis nothafa jarðarinnar Gufuskála

á Snæfellsnesi, póst- og símamálastjórnarinnar, til þess að stunda ádráttarveiðar fyrir landi jarðarinnar. Hóf hann síðan veiðar í júnímánuði s.l. og stundaði þær óslitið síðan, þar til í lok ágústmánaðar s.l., þegar frá er talið hálfsmánaðar hlé, sem varð vegna vélbilunar í júní. Hagaði hann veiðum á sama veg og að framan er lýst, nema því, að í stað þess að draga voðina með vindum úr landi, var dregið með vindum bátsins, eftir að báturinn hafði verið festur við dufl það, er kastað var frá og staðsett var í netlögum, þ. e. innan 60 faðma frá stórstraumsfjöruborði. Auk þess gerði ákærði smábreytingu á voðinni, en hún var þó eftir sem áður dregin með botni.

Þriðjudaginn 27. ágúst 1957 flaug gæzluflugvélin Rán yfir bát ákærða, þar sem hann var bundinn við áður nefnt dufl fyrir Gufuskálalandi, og voru skipverjar í fiskaðgerð.

Hinn 2. september s.l. var dóminum send kæra um veiðar ákærða, og hófst rannsókn þegar hinn 4. september. Ákærði viðurkenndi þegar að hafa verið að veiðum, eins og að framan hefur verið lýst. Þykir hann með háttsemi sinni hafa brotið sömu ákvæði og lýst er í I hér að framan.

III. Við ákvörðun refsingar þykir mega hafa hliðsjón af eftirfarandi: Ákærði gerði sér ekkert far um að leyna verknaði sínum, og eftir að kæra barst, skýrði hann hreinskilnislega frá öllum atvikum. Hann kvaðst hafa verið sannfærður um lögmæti veiðanna, áður en þær hófust, og hefur sú sannfæring styrkt enn meira við aðgerðir og aðgerðarleysi stjórnvalda þeirra, sem um þessi mál fjölluðu, sbr. I hér að framan. Þykir því samkvæmt 2. mgr. 74. gr. sbr. 3. og 9. tl. 1. mgr. sömu gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 mega láta refsingu niður falla í máli þessu.

Ákærði hélt áfram veiðum sínum s.l. sumar, þrátt fyrir fyrir-mæli forstjóra landhelgisgæzlunnar um að hætta þeim, enda taldi hann nauðsyn til bera að fá skorið úr lögmæti veiðanna. Með hliðsjón af því þykir eftir atvikum rétt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Stefánssonar hdl., kr. 1.500.00. Skipaður sækjandi málsins, Þorvaldur Ari Arason cand. juris, afsalaði sér rétti til málssóknarlauna, enda flutti hann málið sem síðustu prófraun til að öðlast málflutningsréttindi fyrir héraðsdómum.

Dómsorð:

Refsing í máli þessu fellur niður.

Ákærði, Magnús Grímsson, greiði allan kostnað sakarinnar,

þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Stefánssonar hdl., kr. 1.500.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. júní 1958.

Nr. 2/1958. **Jón Arinbjörnsson**
 gegn
 Halldóri Halldórssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Synjun um frest. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Er mál þetta kom fyrir dóm í dag, óskaði áfrýjandi eftir fresti í málinu til septembermánaðar næstkomandi.

Stefndi synjar um frekari frest í málinu.

Mál þetta var þingfest í Hæstarétti í aprilmánuði þ. á., en áfrýjandi hefur ekki enn beðið héraðsdómara um afgreiðslu dómsgerða. Að svo vöxnu máli þykir ekki fært að fresta málinu lengur gegn andmælum stefnda. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 1.200.00.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Jón Arinbjörnsson, greiði stefnda, Halldóri Halldórssyni, kr. 1.200.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.
